

Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur, lögð fram og samþykkt á fundi ráðsins þann 26. nóvember 2020:

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða gerir tvær athugasemdir við nýjan viðauka við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 -2030 í tengslum við Háaleiti og Bústaði. Önnur snýr að Furugerði og vísar íbúaráðið á ný í áhyggjur og í athugasemdir frá íbúum í hverfinu sem og bókanir vegna Furugerðis í lið nr. 4 frá 8. fundi ráðsins þann 27. ágúst síðastliðinn. Íbúaráðið vísar í sömu athugasemdir á fundi sínum þann 24. september sl.

Hin athugasemdin snýr að reit 59 (Framsæði) þar sem fyrirhugað er að þetta byggð þar sem nú eru fótboltavellir sem nýttir hafa verið af iðkendum Fram á undanförunum árum og áratugum. Íbúaráðið leggst gegn þéttingu byggðar á þessum reit af einkum tveimur ástæðum:

1. Í nýjum viðauka um aðalskipulag segir: „Það hlýtur að vera grundvallarmarkmið í aðalskipulagi að ekki verði gengið á græn svæði með útivistargildi og náttúru með verndargildi, hvort sem þau svæði eru innan byggðar eða í útjaðri hennar.“ Umrætt svæði er eina græna svæðið í öllu Háleitishverfinu en þar búa íbúar í mikilli nálægð við þungstu umferðaræðar höfuðborgarsvæðisins. Þarna er hugmyndin að þetta byggð á svæði sem er nú þegar mjög þéttbýlt með fjölda blokka í stórum radíus til vesturs, norðurs og austurs. Ef þetta svæði verður lagt undir þéttingu íbúabyggðar verður ekkert grænt svæði í hverfinu. Næstu grænu svæði yrðu Klambatún og Laugardalurinn sem eru bæði í öðrum hverfum. Umrætt svæði er þó aðeins lítið brot af stærð Klambatúns og telur íbúaráðið að það sé mikilvægt að það nýtist annað hvort framtíðariðkendum Víkings í hverfinu eða þá að það verði nýtt sem grænt svæði fyrir íbúa með trjágróðri, leiktækjum eða þvíumlíku svo að íbúar geti að haft eitthvað annað en steypu og stórar stofnbrautir í sínu næsta nágrenni.
2. Það var íbúum hverfisins, sérstaklega iðkendum og fjölskyldum þeirra, afar þungbært þegar ákveðið var að fjarlægja hverfisíþróttafélagið Fram í annað hverfi án þess að iðkendur og foreldrar þeirra væru spurðir áhlits. Þessi aðgerð hefur skapað sundrung og erfiða stemningu í hverfinu á umliðnum árum. Í kjölfarið hafa börnin í hverfinu hafa raðað sér niður á fjögur íþróttafélög: Fram (að stórum hluta í Úlfarsárdal í mikilli fjarlægð frá heimilum þeirra), Val, Þrótt og Víking. Nú hefur verið gengið til samninga við Víking um að yfirtaka íþróttastarf og hefur félagið unnið að undirbúningi þess með þryði og er það upplifun íbúa að þarna sé nýtt upphaf sem gefur forsendur til að íþróttastarfið í hverfinu verði það sameinandi afl fyrir fjölskyldur í Háleiti og Safamýri og það er í öðrum hverfum borgarinnar. Ef byggt verður á íþróttasvæði Fram, sem getur nýst sem íþróttasvæði Víkings eða sem útivistarsvæði fyrir íbúa, verður sú framkvæmd til að þess að opna á erfiðar í tilfinningar meðal íbúa á tíma þegar stemningin er upp á við og fólk búið að sætta sig við komu Víkings og nýja tíma í hverfinu.

Íbúaráðið leggst því alfarið gegn þéttingu byggðar á reit 59 en gerir ekki athugasemdir vegna annarra þéttingareita í hverfunum – utan reitar 41 (Furugerði) eins og fram kom hér ofar.

Íbúaráðið telur ennfremur að þróa ætti þennan tiltekna reit í samvinnu við og út frá hugmyndum íbúanna í hverfinu hvort sem það myndi tengjast íþróttastarfi barna eða útivist almennt.

Íbúaráðið vill undirstrika að samkvæmt breytingum á aðalskipulagi stendur til að þetta byggð tölvert mikið í hverfinu auk þess sem byggð hefur nú þegar verið þétt s.s. eins og á RÚV reit og víðar. Vill ráðið einkum benda á Kringlureit, reiti við Suðurlandsbraut, Ármúla, Sogaveg og reit við hlið Miðbæjar (á mótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar) og víðar. Íbúaráðið vill undirstrika að

Það tekur ekki afstöðu almennt gegn þéttingu byggðar en umræddur reitur nr. 59 er íbúunum gríðarlega mikilvægur.